

# Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps um fyrirhugaða friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs.  
Haldinn á Teams, þann 10. janúar 2024 kl 14:30.

## Þátttakendur:

**Davíð Örvar Hansson og Ragnheiður Björk Sigurðardóttir f.h. Umhverfisstofnunar.**

**Steinar Kaldal f.h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.**

**Auður Guðbjörnsdóttir f.h. Skaftárhrepps.**

**Kristín Marín Siggeirsdóttir f.h. Holts I í síma.**

**Helgi Jóhannesson f.h. Holts II**

Brynjólfur Baldursson og Valgarð Sörensen voru fjarverandi.

## Markmið fundar

Fyrirtaka afmörkunar.

Ákvörðun um að auglýsa áform um friðlýsingu.

## Fundarefni

- *Landeigendur að Heiði voru ekki viðstaddir fundinn en upplýst er að þeir hafi áður veitt samþykki sitt fyrir afmörkun svæðisins austan ár, í landi Heiðar.*
- *DÖH leggur fyrir vinnukort ds. 21.11.2023 sem drög að afmörkun friðlýsingar Fjaðrárgljúfurs.*
- *Helgi upplýsir að Finnbogi hafi ekki áhuga á að taka þátt í friðlýsingarferlinu fyrir sinn jarðarhluta að Holti II. Send verður formleg og endanleg afstaða innan skamms.*
- *Holt I og II eru í óskiptri sameign og því detta báðar jarðir út ef landeigendur annarrar vilja ekki friðlýsingu á sinni jörð.*
- *Vegna tafa komst Kristín Marín ekki til fundar á tilsettum tíma en Davíð og Kristín töluðu saman í síma strax eftir fund þar sem hún var upplýst um afstöðu frá Holti II. Landeigendur að Holti I eru hlynttir því að halda áfram friðlýsingaferli í landi Holts. Kristín var upplýst um að um leið og önnur Holtsjörðin færi út væri ekki gengið lengra í friðlýsingu jarðarinnar að svo stöddu. Það var þó tekið fram að möguleiki væri að stækka friðlýsta svæðið síðar ef áhugi væri til.*

## Næstu skref

- Beðið er formlegrar afstöðu frá Holti II.
- Ef Holt heldur ekki áfram í friðlýsingaferlinu falla fulltrúar Holts I og II úr samstarfshópi.
- UST hefur undirbúning að friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs í landi Heiðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:15.